



Samtakahópurinn 03.mars 2020 kl 14.00

Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesebæjar, Tjarnargötu 12.

Mætt: Guðrún Magnúsdóttir, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Guðmunda María, Kolbrún Þorgilsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Sigríður Bílddal, Svava Ósk Stefánsdóttir, Sigrún Björgvinsdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Aron Freyr Kristjánsson og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Verkefni sem eru framundan – heilsueflandi samfélag.

Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufulltrúi sagði frá mottumarshlaupi sem verður haldið 13.mars og að það sé í skoðun að bjóða ungmennum frítt í sund þvert á sveitarfélög á Suðurnesjum og að sama gildi um sundkort fullorðinna. Að auki ræddi Guðrún um að það standi til að gera myndbönd um lýðheilsu, skýrði frá lýðheilsustefnu sem er í mótnun og að Reykjanesebær hafi fengið lýðheilsustyrk upp á 2.000.000 frá Lýðheilsusjóði.

2. Forvarnardagur ungra ökumanna

Forvarnardagur ungra ökumanna verður haldinn 18. mars nk. í og við 88 Húsið.

3. Forvarnarfréttir frá Myllubakkaskóla !

Kolbrún Sigurðardóttir sagði frá því að tekin hafi verið ákvörðun um að Myllubakkaskóli verði heilsueflandi grunnskóli.

Í síðustu viku voru hjúkrunarfræðingar frá Heilsulausnum með fyrirlestur um vímuefni, veip, orkudrykki og munntóbak fyrir nemendur í 7. – 10. bekk.

Boðið hefur verið upp á Art námskeiðið í vetur fyrir 5. bekk, Baujuna fyrir 6. bekk og samskiptanámskeið fyrir stúlkur í 7. bekk. Allir bekkir hafa svo verið að vinna með hugarfrelsi í vetur, aðferðir til að efla börn og unglunga. Að auki hefur verið lögð aukin áhersla á hreyfingu í öllum árgöngum.

4. Einelti

Almennar umræður og viðbrögð við einelti. (sjá glærur).

5. Fræðsla í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Foreldrafélagið í FS bauð upp á fræðslu fyrir foreldra um hollt mataræði og orkudrykki. Fyrirlesarinn Una Emilsdóttir var með virkilega fróðlegan fyrirlestur um þessi mál.

5. Forvarnardagur Samtakahópsins vor 2020

Hugmyndir að fyrirlesurum og efnistöfum verða lögð undir Ungmennaráð og Fjörheimaráð en dagurinn mun fara fram í Fjörheimum í lok maí.

6. mál – kynfræðsla í Fjörheimum

Aron Freyr sagði frá vel heppnaðri kynfræðslu frá Heilsulausnum sem haldin var í Fjörheimum fyrir skemmstu en yfir 100 ungmenni hlýddu á fræðsluna sem var afar vel heppnuð.



7. Úrslit Lífshlaupsins

Eins og margar stofnanir um allt land tók


Akurskóli þátt í Lífshlaupinu á vegum ÍSÍ. Akurskóli gerði sér lítið fyrir og vann í flokki vinnustaða með 70-149 starfsmenn. Starfsmennirnir voru bæði með flesta daga og flestar mínútur.

Til hamingju Akurskóli með þennan flotta árangur.

Samtakahópurinn þakkar öllum þátttakendum í Reykjanesbæ fyrir að vera með í Lífshlaupinu 2020

8. Fjölskylduopnun í Fjörheimum

Aron Freyr forstöðumaður Fjörheima sagði frá tilraunaverkefni með fjölskylduopnun í Fjörheimum sem hefst 14. mars kl 11.00 – 13.00



Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.30